



## Bæjarstjórn Garðabæjar 4. (863)/2020

Boðað er til 4. (863). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. mars 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 2002031F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/2 '20.
2. 2002042F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/3 '20.  
2002308 - Bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku, dags. 24.02.20
3. 2002033F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 26/2 '20.
4. 2002025F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21/2 '20.
5. 2002032F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla Garðabæjar frá 27/2 '20.
6. 2001026F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 23/1 '20.
7. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 24/2 '20.
8. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21/2 '20.
9. 2001272 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 28/2 '20.
10. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 12/2 '20.
11. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/2 '20.
12. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 21/2 '20.
13. 2001494 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 26/2 '20.
14. 2003017 - Fundargerð 21. eigendafundar Sorpu bs. frá 17/2 '20.
15. 1909059 - Tillaga Garðabæjarlistans um beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

## Bæjarstjórn Garðabæjar

### 3. (862). fundur 2020

Fimmtudaginn 20. febrúar 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Guðfinnur Sigurvinsson, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Harpa Þorsteinsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Jóna Sæmundsdóttir, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Forseti lagði til að samþykkt verði afbrigði frá dagskrá og að nýr liður bætist við dagskrá og verði 3. tl. fundargerð fjölskylduráðs frá 15.01.2020. Bæjarstjórn samþykkir tillögu forseta.

Forseti bauð Þorbjörgu Þorvaldsdóttur, varabæjarfulltrúa velkomna á sinn fyrsta fund í bæjarstjórn Garðabæjar.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 6. febrúar 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### 1. 2002011F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/2 '20.

Enginn tók til máls.

##### *Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu.

Byggingarreitir raðhúsanna við Reynilund 11, 13, 15 og 17 eru stækkaðir þannig að byggingarreitur við suðurhlíð húsanna (baklód) verður dreginn sem bein lína og getur þá komi til stækkunar bílskúrs um 10 m<sup>2</sup>.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðareiganda að Sjávangötu 13 um stækkun byggingarreits.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að leyfa að hestúsi að Breiðabólssstöðum verði breytt í íbúðarhúsnæði enda er húsnæðið staðsett á landnotkunarreit íbúðarbyggðar samkvæmt aðalskipulagi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) í tilefni umsóknar um byggingu garðhýsis á lóðinni við Eikarás 10, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna svæðis við Ægisgrund. Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkað verði nýtt svæði við Hraunsholtslæk fyrir samfélagsþjónustu.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga, þar sem gert verður ráð fyrir að opið svæði við Hraunsholtslæk breytist í svæði fyrir lóð Alþjóðaskólans á Íslandi ásamt því að áfram er gert ráð fyrir einbýlishúsalóðum á svæðinu. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Flatahverfis í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar við einbýlishúsið að Markarflöt 51, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lóðarinnar við Holtsveg 53. Grenndarkynning fellur niður samkvæmt heimild í 3. mgr. 44. gr. þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða lóðarhafa.

Fundargerðin sem er 13. tl., er samþykkt samhljóða.

## **2. 2002020F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/2 '20.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl, könnun meðal starfsfólks Garðabæjar - starfstengd viðhorf og líðan á vinnustað, 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks og 16. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um framkvæmdaáætlun.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks og 16. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um framkvæmdaáætlun.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi könnun meðal starfsfólks Garðabæjar - starfstengd viðhorf og líðan á vinnustað, 13. tl., bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins varðandi drög að frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga og 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., könnun meðal starfsfólks Garðabæjar - starfstengd viðhorf og líðan á vinnustað og 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.

Björg Fengler, ræddi 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.

Almar Guðmundsson, ræddi 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks og 11. tl., erindi Heilabrota ehf. varðandi kynningu á starfsemi félagsins.

Lilja Hrund Ava Lúdvíksdóttir, ræddi 15. tl., tillögu Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólks.

Fundargerðin sem er 17 tl., er samþykkt samhljóða.

## **3. 2001014F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 15/1 '20.**

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., endurskoðun lýðræðistefnu Garðabæjar.

Fundargerðin er lögð fram.

**4. 2001048F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 5/2 '20.**

Fundargerðin er lögð fram.

**5. 2002012F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11/2 '20.**

Björg Fengler kvaddi sér hljóðs og færði körfuknattleiksdeild Stjórnunnar hamingjuóskir með glæsilegan sigur í bikarkeppni meistaraflokks karla og 10. flokki drengja.

Þá ræddi Björg 1. tl., úthlutun afreksstyrkja og 4. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 4. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 2002015F - Fundargerð leikskólanefndar frá 12/2 '20.**

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 2002003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 7/2 '20.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 3. tl., breytingu á aðalskipulagi vegna svæðis við Ægisgrund, 4. tl., breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóða við Ægisgrund og 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna og 2. tl., breytingu á aðalskipulagi vegna Vífilsstaðalands.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, ræddi 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 6. tl., lóð fyrir búsetukjarna.

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 2002010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/2 '20.**

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., tillögu að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár og 10. tl., tillögu um að draga úr plastmengun hjá stofnunum Garðabæjar. Guðfinnur þakkaði starfsmönnum bæjarins sem unnið hafa að undirbúningi og framgangi málsins fyrir þeirra frábæru störf.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 11. tl., úttekt á kostnaði vegna sorphirðu sveitarfélagsins.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 11. tl., úttekt á kostnaði vegna sorphirðu sveitarfélagsins.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 11. tl., úttekt á kostnaði vegna sorphirðu sveitarfélagsins.

Fundargerðin er lögð fram.

#### **9. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 30/1 '20.**

Björg Fengler, ræddi 6. tl., innleiðingu á rafrænu greiðslukerfi og 7. tl., mótun nýrrar fargjaldastefnu fyrir Strætó bs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., samstarf vegna Borgarlínu og 2. tl., niðurstöður árangursmats stjórnar.

Björg Fengler, ræddi 4. tl., samstarf vegna Borgarlínu og 2. tl., niðurstöður árangursmats stjórnar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 6. tl., innleiðingu á rafrænu greiðslukerfi.

Björg Fengler, ræddi 6. tl., innleiðingu á rafrænu greiðslukerfi og svaraði fyrirspurn um málið.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., niðurstöður árangursmats stjórnar.

Fundargerðin er lögð fram.

#### **10. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 30/1, 7/2 og 12/2 '20.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2 tl, fg. frá 12/2, ráðningu tímabundins framkvæmdastjóra og 3. tl. fg. frá 12/2, greiningu á fjárhag.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., fg. frá 12/2, greiningu á fjárhag.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., fg. frá 12/2, greiningu á fjárhag.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

#### **11. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/2 '20.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., sóknaráætlun og 7. tl., samninga um notendastýrða persónulega aðstoð.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., sóknaráætlun.

Almar Guðmundsson, ræddi 7. tl., samninga um notendastýrða persónulega aðstoð og 3. tl., stjórnsýslu byggðasamlaganna.

Fundargerðin er lögð fram.

#### **12. 1805129 - Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.**

Björg Fengler gerði grein fyrir reglum um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, ásamt samkomulagi sveitarfélaga, samkomulagi við Strætó bs., þjónustulýsingu og erindisbréfi stjórnar akstursþjónustunnar. Um er að ræða sameiginlegar reglur sveitarfélaganna Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarnesbæjar og Garðabæjar.

Björg fór nánar yfir breytingar sem gerðar hafa verið á reglum um akstursþjónustu og þjónustulýsingu eftir kynningu í bæjarráði.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks, samkomulag við Strætó bs., samkomulag sveitarfélaga, þjónustulýsingu og erindisbréf stjórnar með fyrirvara um samþykki allra annarra hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 20. febrúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)  
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Lilja Hrund A. Lúðvíksdóttir, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**8. (1917). fundur 2020**

Þriðjudaginn 25. febrúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1907239 - Gilsbúð 7 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Palace ehf., kt. 430507-2300, leyfi fyrir stækkun atvinnuhúsnæðis að Gilsbúð 7.

**2. 2001382 - Breiðabólstaðir - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Roger Joseph L Abéla, kt. 100136-2019, leyfi til að innrétta íbúð í húsnæði sem áður var nýtt sem hesthús að Breiðabólssstöðum.

**3. 2001111 - Sveinskotsvör 4 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hafdís Guðfinnsdóttur, kt. 210895-2219, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Sveinskotsvör 4.

**4. 1912322 - Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar dags. 18.02.20.**

Lagður fram úrskurður yfirfasteignamatsnefndar þar sem staðfest er álagning fasteignaskatts vegna fasteignar að Iðnbúð 5 fyrir árið 2019.

**5. 2002236 - Tilkynning frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi drög að reglugerð um héraðsskjalasöfn, dags. 18.02.20.**

Lögð fram.

**6. 2002225 - Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga varðandi fjárfestingu á árinu 2019, dags. 10.02.20.**

Í bréfinu er farið fram upplýsingar um fjárfestingar á árinu 2019, stöðu verkefna og samanburð við fjárhagsáætlun.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um að svara bréfinu.

**7. 2002264 - Bréf Golfklúbbsins Setbergs varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda 2020, dags. 20.02.20.**

Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbsi Setbergs styrk að fjárhæð kr. 423.933 til greiðslu fasteignagjalda árið 2020.



8. **2002279 - Erindi húsbilafélagsins o.fl. um tillögu að breytingu á lögum um náttúruvernd er varðar leyfi til að nota tjaldvagna o.fl. utan skipulagðra tjaldsvæða, dags. 18.02.20.**  
Lagt fram.
9. **2002280 - Tilkynning frá Umhverfisstofnun varðandi bráðabirgðayfirlit fyrstu vatnaáætlunar fyrir Ísland, dags. 18.02.20.**  
Lagt fram og vísað til kynningar í umhverfisnefnd.
10. **1907227 - Bréf Samtaka iðnaðarins varðandi viðhald og endurnýjun götulýsingar í Garðabæ, dags. 20.02.20.**  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um að svara bréfinu.
11. **1808087 - Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri - staða framkvæmda.**  
Bæjarstjóri upplýsti um stöðu mála varðandi framkvæmdir við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.
12. **1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2019 - Tillaga um afskriftir.**  
Bæjarráð samþykkir tillögu um afskriftir viðskiptakrafna samkvæmt framlögðum lista samtals að fjárhæð kr. 2.320.272.
13. **1904109 - Framkvæmdaáætlun 2020.**  
Bæjarverkfræðingur kynnti tímaás framkvæmda á árinu 2020.
14. **2002278 - Starfsáætlanir sviða 2020**  
Lagðar fram.
15. **1902069 - Aðgerðaráætlun sviða vegna úttektar á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar.**  
Lögð fram aðgerðaráætlun vegna tillagna sem bæjarstjórn hefur samþykkt í tengslum við úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag bæjarins.  
  
Í aðgerðaráætluninni kemur fram tímarammi, ábyrgðaraðili og lýsing á framgangi verkefna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 25. febrúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

## Bæjarráð Garðabæjar

### 9. (1918). fundur 2020

Þriðjudaginn 3. mars 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bærarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bærarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2002368 - Tilkynning frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi stöðu kjaraviðræðna, dags. 26.02.20.**

Lögð fram.

2. **2002370 - Bréf Alþings varðandi tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun, 191. mál., dags. 25.02.20.**

Lagt fram.

3. **2002354 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, 323. mál., dags. 25.02.20.**

Lagt fram.

4. **2002403 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 311. mál., dags. 27.02.20.**

Lagt fram.

5. **2002308 - Bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku, dags. 24.02.20**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja beiðni stjórnar SORPU bs. um heimild til að auka tímabundið skammtímalántöku allt að 600 mkr. í formi yfirdráttarheimildar umfram forsendur fjárhagsáætlunar 2020. Tilgangur lántökunnar er til að skapa stjórnendum félagsins nauðsynlegt svigrúm til að undirbúa endurskoðun fjárhagsáætlunar og leggja grunn að traustri fjármálastjórn félagsins.

Sara Dögg Svanhildardóttir situr hjá við afgreiðslu málsins og leggur fram eftirfarandi bókun.

„Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eiga og reka Sorpu bs. bera endanlega ábyrgð á rekstri byggðasamlagsins. Því er það mat Garðabæjarlistans að bærarfulltrúar fái að sjá og leggja mat á þær áætlanir sem liggja til grundvallar þeirri lánveitingu sem er til afgreiðslu. Ef bærarfulltrúar eiga að bera ábyrgð á rekstri Sorpu þá er nauðsynlegt við kringumstæður eins og félagið er í núna að þeir fái að sjá þær áætlanir sem byggt er á.

Því kalla ég eftir eftirfarandi upplýsingum:

Bráðabirgðar ársreikning 2019.

Bráðabirgðaráætlun 2020.

Úttekt Mannvits á heildarkostnaði vegna GaJa.“

**6. 1906094 - Tillaga starfshóps um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um val á yfirmarkmiðum.**

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir tillögu starfshóps um val á verkefnum.

Bæjarráð þakkar starfshópnum sem skipaður er fulltrúum allra sviða fyrir vandaða vinnu og telur að góð rök liggja að baki niðurstöðum um val á einstaka verkefnum. Bæjarráð samþykkir að áfram verði unnið með þau verkefni sem starfshópurinn hefur valið

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögu starfshópsins til umfjöllunar í fastanefndum bæjarstjórnar.

**7. 2002307 - Bréf Beit Sahour Municipality um vinabæjartengsl, dags. 19.02.20.**

Bæjarráð þakkar bréfið og felur bæjarstjóra að svara bréfitara.

**8. 2002357 - Bréf foreldrafélags Sjálandsskóla varðandi öryggi nemenda við Sjálandsskóla, ódags.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi með grunnstöðum þar sem málið kom til umræðu.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við fulltrúa í stjórn Foreldrafélags Sjálandsskóla til að fara nánar yfir með hvaða hætti megi tryggja sem best öryggi barna á skólalóð Sjálandsskóla.

Bæjarráð vísar erindinu til tækni- og umhverfissviðs í tengslum við undirbúning að gerð umferðaröryggisáætlunar Garðabæjar.

**9. 2002292 - Erindi Hrafnistu til Sjúkratrygginga Íslands um fjölgun dagdvalarrýma á Ísafold, dags. 20.02.20.**

Bæjarráð lýsir yfir eindregnum stuðningi við beiðni Hrafnistu um fjölgun dagdvalaryma á Ísafold.

Fram kom að málið hefur verið kynnt í öldungaráði og unnið er að því í samvinnu Hrafnistu og þjónustumiðstöðvar Ísafoldar.

**10. 2001444 - Hættustig almannavarnarnefndar vegna Covid19.**

Í framhaldi af fyrsta smiti kórónaveiru (Covid19) hefur ríkislögreglustjóri í samráði við sóttvarnalækni virkjað hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðuskýrslu sem lögð var fram á fundi almannavarnarnefndar föstudaginn 28. febrúar sl. Þar er m.a. farið yfir opinberar aðgerðir.

Boðað hefur verið til fundar forstöðumanna stofnana og bæjarfulltrúa með slökkviliðsstjóra í dag kl. 08:45.

**11. 2002399 - Tilkynning frá Umhverfisstofnun varðandi áætlun og verklagsreglur um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi vegna heimsfaraldurs, dags. 27.02.20.**

Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir að virkjaður hefur verið samstarfsvettvangur við sorphirðuverktaka um áætlun um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi vegna heimsfaraldurs.

Fyrir liggja áætlanir hjá sorphirðuverktaka varðandi málið sem unnar eru samkvæmt leiðbeiningum yfirvalda.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 3. mars 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Fjölskylduráð Garðabæjar**  
**3. fundur 2020**

Miðvikudaginn 26. febrúar 2020 kl. kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Eymundur Sveinn Einarsson varamaður, Sigbrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir varamaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001275 - Íbúakönnun þjónustukönnun Gallup 2019**

Tekið er fyrir mál nr. 2001275 Íbúakönnun Gallup 2019.

Árleg íbúakönnun/þjónustukönnun Gallup er lögð fram til kynningar. Formaður kynnir helstu niðurstöður úr árlegri þjónustukönnun Gallup sem gerð er á viðhorfum íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum.

**2. 2001503 - Tillaga Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ**

Tekið er fyrir mál nr. 2001503 Tillaga Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ.

Sviðstjóri kynnir minnisblað um innra og ytra eftirlit með þjónustu við fatlað fólk í Garðabæ. Fram kemur m.a. að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu (utan Reykjavíkur) eru með sameiginlegt innra gæðaeftirlit með heimilum, vinnustöðum, eftirskólaúrræðum og skammtímavistunum fatlaðs fólks í þessum sveitarfélögum. Starfsmaður gæðaeftirlits gerir úttekt á viðkomandi stöðum og skilar skriflegri niðurstöðu til sveitarfélaganna og veitir leiðbeiningar um úrbætur ef svo ber undir. Fjölskylduráð óskar eftir að fá kynningu á helstu niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Fjölskylduráð lýsir ánægju sinni með verklag þess innra eftirlits með þjónustu við fatlað fólk sem fer fram hjá Garðabæ og telur ekki ástæðu til að fara í sérstaka úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ.

Formaður skýrir frá áformum um frekari uppbyggingu íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Garðabæ.

**3. 2001223 - Umsókn um fjárhagsaðstoð tannlæknastyrkur**

Tekið er fyrir mál nr. 2001223 umsókn um fjárhagsaðstoð - tannlæknastyrkur. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

**4. 2002291 - Staða biðlista í félagslegu leiguhúsnæði**

Tekið er fyrir mál nr. 2002291 staða biðlista í félagslegu leiguhúsnæði. Sviðstjóri leggur fram upplýsingar um stöðu biðlista sem nýlega hefur verið uppfærður.

**5. 1703076 - Áætlun um greiningarvinnu vegna heilsueflandi samfélags**

Tekið er fyrir mál nr. 1703076 Heilsueflandi samfélag.

Formaður kynnir samning Garðabæjar og Capacent um verkefnið "Velsæld í Garðabæ" Í fyrsta hluta verkefnisins fer fram kortlagning á stöðu þeirra þátta sem áhrif hafa á velsæld/heilsu íbúa

Garðabæjar.  
Fjölskylduráð lýsir ánægju sinni með fyrirhugað verkefni.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**  
**19. fundur 2020**

Föstudaginn 21. febrúar 2020 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1909069 - Auglýst staða menningarfulltrúa**

Staða menningarfulltrúa var auglýst í janúar og nú er verið að vinna úr umsóknum. Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, greindi frá ferli við ráðningu í starf menningarfulltrúa.

**2. 1911312 - Vetrarhátíð 2020**

Greint var frá hvernig til tókst á Vetrarhátíð en Garðabær tók þátt með dagskrá á Safnanótt föstudaginn 7. febrúar og á Sundlauganótt sunnudaginn 9. febrúar sl. Góð aðsókn var í söfnin í Garðabæ sem tóku þátt, Bókasafn Garðabæjar, Hönnunarsafn Íslands og Krók. Einnig var góð aðsókn á forsetasetrið á Bessastöðum á Safnanótt. Einstaklega góð aðsókn var í Álftaneslaug á Sundlauganótt sem að þessu sinni var á sunnudagskvöldi og þar var m.a. boðið upp á vel heppnað tónlistaratriði með hljómsveitinni Hípsumhafs sem á uppruna sinn á Álftanesi.

**3. 1911310 - Þriðjudagsklassík 2020**

Farið var yfir drög að dagskrá fyrir tónleikaröðina Þriðjudagsklassík sem verður haldin nú á vorönn í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Sú breyting hefur orðið á dagskránni að fyrstu tónleikarnir færast aftur og dagsetningar sem miðað er við eru á eftirfarandi þriðjudagskvöldum: 24. mars, 21. apríl og 19. maí 2020. Tónleikaröðin verður kynnt með auglýsingum í Garðapóstinum, á samfélagsmiðlum og á vef Garðabæjar.

**4. 2001324 - Jazzhátíð Garðabæjar 2020**

Jazzhátíð Garðabæjar verður haldin dagana 23.-26. apríl nk. Dagskrá er í vinnslu en fyrirhugað er að vera áfram með unga tónlistarmenn úr Tónlistarskóla Garðabæjar sem hita upp fyrir kvöldtónleika sem og að hafa vortónleika Big band Tónlistarskóla Garðabæjar sem hluta af hátíðinni og í tengslum við Listadaga barna og ungmenna í Garðabæ. Endanleg dagskrá verður send til nefndarmanna þegar hún liggur fyrir.

**5. 2001326 - Hvatningarsjóður ungra listamanna 2020**

Samþykkt var að auglýsa eftir umsóknum í Hvatningarsjóð ungra listamanna í mars og miðað við að umsóknir verði til umfjöllunar á fundi nefndarinnar í apríl. Tilkynnt verður um úthlutun úr Hvatningarsjóði ungra listamanna á menningaruppskeruhátíð Garðabæjar í lok maí.

**6. 2001327 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2020**



Reglur um bæjarlistamann Garðabæjar lagðar fram. Samþykkt að auglýsa eftir ábendingum um bæjarlistamann Garðabæjar í mars og ábendingar verða teknar fyrir á fundi nefndarinnar í apríl. Tilkynnt verður um val á nýjum bæjarlistamanni Garðabæjar á menningaruppskeruhátíð Garðabæjar í lok maí.

#### **7. 1909070 - Listadagar barna og ungmenna 2020**

Listadagar barna og ungmenna eru haldnir í níunda sinn dagana 23.apríl- 3. maí nk. Undirþema listadaganna er tengt við Barnasáttmálann. Listadagarnir eru haldnir með þátttöku leik- og grunnskóla, Tónlistarskóla sem og söfnum bæjarins. Greint var frá hvernig dagskrá hefur verið á undanförunum listadögum og uppleggið verður með svipuðum hætti í ár.

#### **8. 2002232 - Sumaropnun í Króki - samstarf við Garðakirkju**

Upplýsingastjóri greindi frá hugmynd um samstarf við sóknir í Garðabæ og Hafnarfirði í tengslum við sumarmessur í Garðakirkju og sumaropnun í Króki á sunnudögum í sumar. Sóknirnar standa sameiginlega að sumarmessunum og ætlunin er að höfða til ferðamanna sem og heimamanna og skoða möguleika á menningarupplifun sem og útiveru í umhverfi Garðahverfis fyrir og eftir messu.

Menningar- og safnanefnd tekur jákvætt í þessa hugmynd sem felur m.a. í sér að færa til opnun í Króki á sunnudögum þannig að fleiri fái tækifæri til að heimsækja og skoða Krók.

Upplýsingastjóra var falið að útfæra þetta nánar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar**  
**1.. fundur 2020**

Fimmtudaginn 27. febrúar 2020 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson, Einar Örn Magnússon, Sigrún Gísladóttir, Sólveig Guðrún Geirsdóttir, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1909211 - Starfsemi skólans fram að sumri**

Skólastjóri fór yfir starfsemi skólans fram að sumri. Fyrir utan hefðbundna liði í skólastarfinu þá tekur skólinn þátt í jasshátíð Garðabæjar. Stórsveit skólans ásamt þremur söngnemendum verða fulltrúar tónlistarskólans á afmælishátíð Nótunnar í Eldborgarsal Hörpu í lok mars. Blásarasveit A og B taka þátt í landsmóti skólahljómsveita í Reykjanesbæ. Nemendur rytmadeildar taka þátt í Hljómanótt sem fram fer í Hafnarfirði að þessu sinni. Þá verða haldnir nokkrir masterklassar fyrir lengra komna nemendur á vorönninni auk fjölmargra annarra viðburða og verkefna sem nemendur og kennarar skólans taka þátt í til vors.

**2. 1909211 - Staðan á merki/lógói fyrir skólann**

Skólastjóri kynnti stöðuna á hönnun á merki/lógói fyrir Tónlistarskóla Garðabæjar. Tvær tillögur hafa verið lagðar fyrir kennarafund til kynningar. Málið verður unnið áfram innan skólans.

**3. 1909211 - Tilnefning í verkefnahóp um endurskoðun skólastefnu fyrir Garðabæ**

Málinu hefur verið frestað.

**4. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.**

Skólastjóri og formaður skólanefndar taka saman upplýsingar um stöðu mála í tónlistarskólanum.

**5. 2001275 - Íbúakönnun þjónustukönnun Gallup 2019**

Formaður fór lauslega yfir niðurstöðu þjónustukönnunar sem gerð var meðal 20 stærstu sveitarfélaga landsins í lok ársins 2019. Vísaði á heimasíðu Garðabæjar til nánari skoðunar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

### 1. fundur 2020

Fimmtudaginn 23. janúar 2020 kl. 10:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Þorkell Jóhannsson aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir aðalmaður og Svanhildur Þengilsdóttir forstöðumaður.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### 1. 1805129 - Áframhaldandi samstarf um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk

Tekið er fyrir mál nr. 1805129 áframhaldandi samstarf um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Frá árinu 2014 hafa fimm sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu staðið sameiginlega að akstursþjónustu fatlaðs fólks en Strætó bs hefur annast rekstur akstursins m.a. þjónustuver og skipulag þjónustunnar. Samningur um akstursþjónustuna við verktakana rann út 31. desember 2019 en hefur verið framlengdur til 1. júlí 2020. Áfundi stjórnar SSH 7. okt. sl. var samþykkt að Reykjavík, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes myndu vinna áfram að því að bjóða sameiginlega út akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Lögð eru fram drög þessara sveitarfélaga að sameiginlegri þjónustulýsingu, sameiginlegum reglum um akstursþjónustu fatlaðs fólks og sameiginlegum reglum um skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna.

Samráðshópurinn fjallar um fyrirliggjandi drög.

#### 2. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Tekið er fyrir mál nr. 1911304 bréf um skipan starfshóps um stafræna framþróun þjónustu hjá Garðabæ. Í bréfinu er kallað eftir hugmyndum, ábendingum, sjónarmiðum og þörfum ólíkra sviða. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks fagnar skipun starfshóps um stafræna þróun innan Garðabæjar.

#### 3. 1910435 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar Heilabrots um starfsleyfi

Tekið er fyrir mál nr. 1910435 beiðni um umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi. Pála Einarsdóttir, þroskaþjálfari, situr fundinn undir þessum lið.

Gæða- og eftirlitsstofnun (GEF) hefur óskað eftir umsögn Samráðshóps um málefni fatlaðs fólks vegna umsóknar félagasamtakanna Heilabrots endurhæfingarseturs um starfsleyfi til reksturs þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Um er að ræða atferlismótandi endurhæfingu fyrir fólk má ákominn heilaskaða.

Samráðshópurinn fjallar um málið og gerir ekki athugasæmd við að viðkomandi starfsleyfi verði veitt.

Fleira ekki gert.

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
253. fundur –24. febrúar 2020

Fundarboð

Fundur er boðaður í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 24. febrúar 2020. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundur hefst kl. 16.30.

Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27. janúar 2020 liggur fyrir.

1 Skipulagsmál

1.1 Tillaga að breytingum á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir Leiðarenda, helli í upplandi Hafnarfjarðar.

Lagt fram erindi dags.5.02.2020 frá Berglindi Guðmundsdóttur , Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits á nýju deiliskipulagi við Leiðarenda, samhliða breytingu á aðalskipulagi. Nýja deiliskipulagið afmarkast frá Bláfjallavegi og nær yfir aðkomu, bílastæði og þjónustubyggingu fyrir Leiðarenda, helli í upplandi Hafnarfjarðar

*Tillaga að bókun:*

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi né deiliskipulagi fyrir Leiðarenda, en vekur athygli á að breytingarnar eru á fjarsvæði vatnsverndar og framkvæmdir á svæðinu eru háðar leyfi heilbrigðiseftirlits. Þá kemur fram í greinagerð að gera þurfi úrbætur á Bláfjallavegi frá Undirhlíðum þar sem hluti vegarins er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Bláfjallavegi hefur verið lokað við Leiðarenda í samræmi við bókun bæjarráðs og þess verið gætt að ekki sé hætt á ákefslum vegna lokunarinnar. Mikilvægt er að úrbætur verði á Bláfjallavegi í samræmi við boðað áhættumat á veginum, ef hann verður opnaður að nýju.*

2 Starfsleyfi og umsagnir

Garðabær

2.1 Asparlundur 9, Garðabær - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Nikita Bazev, kt. 120687-4689, dags. 13.02.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla, lögheimili að Asparlundi 9, Garðabæ. Dreifing frá vöruhótel.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

2.2 Holtsbúð 27, Garðabær –niðurrif

Lögð fram umsókn Jóns H. Hlökkverssonar, kt. 260662-6519, dags. 17.02.2020, sótt er um leyfi til niðurrifs bílsskýlis að Holtsbúð 27, Garðabæ. Fasteignanr.: 207-0534. Tímabundin starfsemi. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 17.02.2020.

1

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature, 'LMS', and 'SMQ'.

*Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit staðfestist leyfi til niðurrifs til 1.05.2020.*

### 2.3 Holtsbúð 37, Garðabær –niðurrif

Lögð fram umsókn Gunnars Mús Hreinssonar, f.h. Rosanaglar ehf., kt. 451208-0390, dags. 17.02.2020, sótt er um leyfi til niðurrifs bílskúrs að Holtsbúð 37, Garðabæ. Fasteignanr.: 207-0553. Tímabundin starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 17.02.2020.

*Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit staðfestist leyfi til niðurrifs til 01.05.2020.*

### 2.4 lðnbúð 1, Garðabær –snyrtistofa

Lögð fram umsókn Áslaugar M. Sigurðardóttur, f.h. Dingull ehf., kt. 641017-0940, dags. 12.02.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að lðnbúð 1, Garðabæ. Fasteignanr.: 2070947.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.02.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## Hafnarfjörður

### 2.5 Álfhella 7, Hafnarfjörður dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Arnórs Daða Eiríkssonar, f.h. ADIF ehf., kt. 660819-1180, dags. 07.02.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Álhelli 7, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2501362.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2020.

*Afgreiðslu starfsleyfis frestað.*

### 2.6 Berjavellir 6, Hafnarfjörður dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Birgis Rúnars Halldórssonar, f.h. HBM 77 ehf., kt. 031090-2889, dags. 28.01.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá matarbíl, lögheimili að Berjavöllum 6, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.02.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeiglur er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

### 2.7 Bæjarhraun 6, Hafnarfjörður –fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Huldu Rósar Einarsdóttur, kt. 060185-3449, dags. 17.02.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu hjá Gallerí útlit ehf., að Bæjarhrauni 6, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2074258.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.02.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustureglugerða er starfsleyfi samþykkt til 25.08.2031.

### 2.8 Hólshraun 2, Hafnarfjörður – matsala

Lögð fram umsókn Dara Ako Ali, f.h. Milli Hrauna ehf., ( Söluturnin Bæjarhrauni), kt.500220-0310, dags. 18.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölu að Hólshrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2075807.

Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 2.9 Hringhella 7, Hafnarfjörður steinsmiðja

Lögð fram umsókn Jórunnar Jónsdóttur, f.h. SSJ Steinsmiðja ehf., kt. 670219-1780, dags. 31.01.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs steinsmiðju að Hringhelli 7, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2330153.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.02.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.02.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.

### 2.10 Hvaleyrarbraut 27, Hafnarfjörður sorphirða

Lögð fram umsókn Sigríðar L. Sigurðardóttur, f.h. Kubbur ehf., kt. 660606-1650, dags. 12.02.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir sorphirðu Hvaleyrarbraut 27, Hafnarfirði.

Breytt starfstöð.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.02.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.

### 2.11 Melabraut 18, Hafnarfjörður bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Gunnhildar Ingu Geirsdóttur, f.h. Hagavagnar þjónusta ehf., kt. 640996-3159, dags. 20.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis, þjónustustöð og sjálfvirka bílaþvottastöð að Melabraut 18, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2077818, 2077819.

Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.


### 2.12 Sörlastaðir – félagsheimili/samkomusalur

Lögð fram umsókn Sigríðar Kr. Hafþórsdóttur, f.h. Hestamannafélagið Sörli., kt. 640269-6509, dags. 12.02.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal með móttökueldhúsi að Sörlastöðum, Hafnarfirði.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.02.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the left, a smaller one in the middle, and the initials 'SMG' on the right.

### 2.18 Hjallabrekka 2, Kópavogur – bakarí

Lögð fram umsókn Yaman Brikhan, f.h. Shams ehf., kt. 530109-1350, dags. 22.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs brauð og kökugerð að Hjallabrekku 2, Kópavogi. Fasteignanr.: 2061528.

Ný starfsemi

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.02.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 2.19 Hlíðasmári 8, Kópavogur – dreifing matvæla PDJ

Lögð fram umsókn Tómasar Gerald, f.h. Smartco ehf., kt. 610910-0840, dags. 30.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Afgreiðslu frestað.

### 2.20 Hlíðasmári 15, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Olgu S. Sigurbjörnsdóttur, f.h. PM-International Iceland., kt. 490915-0520, dags. 07.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hlíðasmára 15, Kópavogi.

Fasteignanr.: 223-7065.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.02.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

### 2.21 Nýbýlavegur 6, Kópavogur – líkamsrækt

Lögð fram umsókn Köru Elvarsdóttur, f.h. Sesa ehf. (Hraust), kt. 580900-2320, dags. 05.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktar að Nýbýlavegi 6, Kópavogi. Fasteignanr.: 2064388.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

### 2.22 Smiðjuvegur 4, Kópavogur – snyrtistofa




Lögð fram umsókn Guðbjargar Ó. Sigurþórsdóttur, f.h. Adara slf., kt. 550410-0280, dags. 30.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi.

Fasteignanr.: 206-3374.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.02.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5   

## Kópavogur

### 2.13 Gnitakór 5, Kópavogur – meindýravarnir

Lögð fram að nýju umsókn Guðlaugs Inga Sigurðssonar, f.h. Meindýravarnir Íslands ehf., kt. 410306-1310, dags. 25.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir garðaúðun og meindýraþjónustu að Gnitakór 5, bílskúr, Kópavogi. Fasteignanr.: 2274401.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykki húsnæðis.

### 2.14 Hamraborg 10, Kópavogur – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Söru Hermannsdóttur, kt. 070586-2239, dags. 04.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu í tenglum við snyrtistofu Jónu að Hamraborg 10, Kópavogi. Fasteignanr.: 2061434.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.01.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 27.10.2027.

### 2.15 Hagasmári 1, Kópavogur – snyrtistofa með húðrofi

Lögð fram umsókn Benjamin Scott Tiedeman, f.h. Modus hárstofa ehf., kt. 440511-0820, dags. 04.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með húðfyllingu að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2227650.

Breyting á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.02.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 02.02.2028 að lokinni lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 2.16 Hamraborg 10, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Línu Jónsdóttur, f.h. Línatann ehf., kt. 471119-0750, dags. 12.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hamraborg 10, Kópavogi. Fasteignanr.: 2061439. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 2.17 Hjallabrekka 1, Kópavogur – nuddstofa


Lögð fram umsókn Rannveigar Moss, f.h. STR Ísland ehf., kt. 600120-0180, dags. 28.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til að ganga inn í starfsleyfi fyrir nuddstofu að Hjallabrekku 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2248565 (smá hluti).

Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.10.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 16.10.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 27.10.2031.





### 2.23 *Smiðjuvegur 4, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Þórönnu Erlu Sigurjónsdóttur, f.h. Erla hár ehf. (Hársmiðjan), kt. 421219-0360, dags. 23.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Fasteignanr.: 206-3374.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.02.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

### 2.24 *Smiðjuvegur 4, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Sólveigar Thelmu Einarsdóttur, kt. 040577-4599, dags. 12.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með varanlega förðun að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Fasteignanr.: 206-3374.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.02.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

### 2.25 *Smiðjuvegur 4a, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigfúsar Bi. R. Cassata, f.h. Kísill ehf., kt. 701294-7859, dags. 13.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065246. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 2.26 *Víkurhvarf 8, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Tomasz Rozanski, f.h. Multi-Made ehf., kt. 551113-0190, dags. 03.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Víkurhvarfi 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 2282447.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla 18.02.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.02.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## 3 Umsagnir

### Garðabær

#### 3.1 *Garðaholt, Garðabær - veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.02.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Félagsheimilið Garðaholt, kt. 480878-1209, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, samkomusal Garðaholti, Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 09.10.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 28.10.2019.

### 3.2 Ránargrund 4, Garðabær - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sjáland, matur og veislur ehf., kt. 530120-0230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. III, fyrir Sjáland, matur og veisla, Ránargrund 4, Garðabæ. *Umsögn verður veitt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## Hafnarfjörður

### 3.3 Haukahraun 1, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélagsins Bjarkar, kt. 550110-1130, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Veislusal Bjarkanna, Hafnarfirði þann 15.02.2020 frá kl. 18.00 – 02.00. Gestafjöldi 70.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.*

### 3.4 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags MR, kt. 521083-0189, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Kaplakrika, íþróttahúsi, Hafnarfirði þann 19.02.2020 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 800.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.*

## Kópavogur

### 3.5 Bæjarlind 6, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi


Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.02.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Tækniskólans, kt. 670984-0529, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 27.02.2020 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 350.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.*

### 3.6 Hestheimar 14-16, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.02.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hestamannafélagsins Spretts, kt. 590712-0940, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Félagsheimili Spretts að Hestheimum 14-16 þann 08.02.2020 frá kl. 18.00 – 03.00. Gestafjöldi 550.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.*

7  *Handwritten signatures and initials, including 'S.M.G.' and other illegible marks.*

## 4 Starfsmannamál

### 4.1 Nýr starfsmaður á matvæla- og hollustuháttasviði

Auglýst var eftir starfsmanni á matvæla- og hollustuháttasviði. Sigríði Dröfn Jónsdóttur matvælafræðing var boðið starfið en vegna persónulegra ástæðna varð hún að afþakka starfið. Að lokinni annarri yfirferð var ákveðið að ráða Einar Oddsson til starfans. Hann hefur störf í apríl. *Lagt er til að heilbrigðisnefnd staðfesti ráðningu hans.*

## 5 Fundargerðir

5.1 Lögð fram ársskýrsla Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.

## 6 Annað




### 6.1 Hundahald 2019.




Lagt fram til kynningar yfirlit yfir hundakvartanir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu á árinu 2019 og jafnframt farið yfir tölulegar upplýsingar um hundahald á árinu 2019.

### 6.2 Nýtt tölvukerfi og heimasíða HHK

Verið er að leggja lokadrög að nýrri heimasíðu og málakerfi fyrir heilbrigðiseftirlitið og fór framkvæmdastjóri yfir helstu þætti þess.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

  
Jón Haukur Ingvason  
  
Sigurður Grétarsson  
  
Ingibjörg Hauksdóttir

  
Linda Hrönn Þórisdóttir  
  
Gnýr Guðmundsson  
  
Elínbjörg Ingólfsson



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 317. fundur

Föstudaginn 21. febrúar 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Helga Ingólfssdóttir, Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Ásgeir Sveinsson (ÁS) Hjálmar Sveinsson (HS) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

##### Dagskrá:

1. Fundir með hagsmunaaðilum.
2. Stefnumótun.
3. Orkugjafar.
4. Útboð á vögnum.
5. Nýtt leiðanet – Borgarlínan staðan.
  - a. Leiðanetsmál, leið 7, 6 og 18.
6. Innri endurskoðun áherslur ársins.
7. Fargjaldastefna.
8. Ársfundur Strætó.
9. Önnur mál.
  - a. Samningur vegna ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.
  - b. Kjarasamningur við Samiðn.
  - c. Tillaga að breytingum á 1, 2 og frír
  - d. Áframhaldandi tilraunaverkefni með Landsspítalanum.
  - e. Erindi vegna almenningsgangna við Hitt Húsið.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Fundur með hagsmunaaðilum.

Stjórn Strætó hélt opinn fund í mars 2019 til efla enn frekar samtal félagsins við farþega og aðra hagsmunaaðila. Ákveðið að stefna að því að halda reglulega slíka fundi. Samhliða kynningu á hugmynd að nýju leiðaneti sem fram fór á seinni hluta árs 2019 voru haldnir opnir samráðsfundir með viðskiptavinum og hagsmunaaðilum. Áætlað að næstu opnu samráðsfundir verði haldnir þegar nýtt greiðslukerfi hefur verið tekið í notkun.

##### 2. Stefnumótun.

Lögð fram drög að stefnuskjali þar sem tekið er saman í eitt skjal helstu áherslur í stefnumótuninni sem stjórn vann að á síðasta ári. Stjórn samþykkir að skjalið sé unnið áfram í samræmi við umræður á fundinum og í kjölfarið verði það gert aðgengilegt á heimasíðu félagsins.

##### 3. Orkugjafar.

Ingvar H. Jóhannesson, sviðstjóri rekstrarsviðs, kom á fundinn og fór yfir rekstartölur og reynsluna af nýju metanvögnunum.



#### 4. Útboð á vögnum.

Fyrir fundinum lágu drög að útboðsgögnum fyrir rafvagna. Gögnin eru í yfirllestri hjá lögfræðingum og stefnt að útboði að því loknu.

#### 5. Nýtt leiðanet – Borgarlínan staðan.

Framkvæmdastjóri sagði stuttlega frá kynningu sem hann sat um nýtt samgöngumódel verkefnahóps Borgarlínunnar. Módelið metur áhrif nýs leiðanets á mismunandi ferðamáta. Stjórn Strætó óskar eftir því að fá ítarlegri kynningu á samgöngumódelinu á næsta fundi stjórnar.

1. Leiðanetsmál, leið 7, 6 og 18.

Kynntar fyrstu vinnutillögur að breytingum á leið 7, 6 og 18. Á næsta stjórnarfundum er stefnt að því að leggja fram minnisblað um áhrif breytinganna á kostnað við leiðarkerfið.

#### 6. Innri endurskoðun áherslur ársins.

Lögð fram drög að áherslum innri endurskoðenda fyrir árið 2020. Stjórn Strætó óskar eftir að fá innri endurskoðenda félagsins inn á næsta stjórnarfund til að fara yfir áherslur sínar fyrir árið 2020.

#### 7. Fargjaldastefna.

Áframhaldandi umræða um fargjaldastefnu. Fyrir fundinum lágu drög að nýrri fargjaldastefnu Strætó. Markús Vilhjálmsson, sölustjóri Strætó, kom inn á fundinn og fór yfir drögin. Stjórn samþykkir að unnið verði áfram með drögin í samræmi við umræður og ábendingar á fundinum með það að markmiði að einfalda og fækka fargjaldaflokkum og innleiða greiðslupak (fare capping) miðað við einn dag og eina viku.

#### 8. Ársfundur Strætó.

Ákveðið að halda ársfund félagsins í apríl/maí. Framkvæmdastjóra falið að finna hentuga dagsetningu.

#### 9. Önnur mál

- a) Samningur Strætó við Reykjavíkurborg, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes vegna framkvæmdar akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara.

Stjórn Strætó samþykkir fyrirbyggjandi samning sem kveður á um að Strætó sjái um framkvæmd þjónustunnar gegn ákveðinni þóknun. Stjórn veitir stjórnarformanni heilmild að skrifa undir samninginn fyrir hönd Strætó.

- b) Kjarasamningur Samiðnar við Strætó.

Stjórn Strætó staðfestir kjarasamning milli Samiðnar og Strætó, en kjarasamningurinn er í samræmi við forsendur lífskjarasamningsins.

- c) Appáskrift 1,2 og frír.

Stjórn Strætó samþykkir breytingu á áskriftargjaldi 1,2 og frír. Framkvæmdastjóra Strætó falið að óska eftir fundi með stjórn SSH til að fara yfir breytingar á gjaldskrá.

- d) Áframhaldandi tilraunaverkefni með Landsspítalanum.



Stjórn Strætó samþykkir að framlengja verkefnið um eitt ár, enda hafi verkefnið gengið vel og töluverð aukning verið á notkun starfsmanna Landsspítalans á Strætó sem samgöngumáta.

e) Erindi vegna almenningsgangna við Hitt húsið í Elliðaárdal.

Framkvæmdastjóra Strætó falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

**Fundi slitið kl. 13:00**

**Fylgiskjöl:** Kynning orkugjafar, samningur um akstursþjónustu, kjarasamningur við Samiðn, kynning á LSH verkefninu.


\_\_\_\_\_  
Björg Fenger

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Magnús Örn Guðmundsson



Reykjavík, 28. febrúar 2020  
Fundargerð 188. fundar

*Tilvísun: 2001005*

Föstudaginn 28. janúar var haldinn 188. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.45.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur Sverrisson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

### **1. Ársreikningur SHS 2019, fyrri umræða**

Fyrri umræða um samstæðuársreikning SHS fyrir árið 2019.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2019, drög, ódags.
- Minnisblað – Ársuppgjör 2019, dags. 26. febrúar 2019.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **2. Samkomulag um innri endurskoðun 2020-2021**

Lagt til að samkomulag við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar um innri endurskoðun SHS verði endurnýjað fyrir árin 2020-2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar - Endurnýjun samkomulags um innri endurskoðun SHS, dags. 25. febrúar 2020.
- Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2020-2021, drög, ódags.
- Upplýsingastefna Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (STE-06), útg. 2.0, dags. 9. desember 2019.

*Afgreiðsla:* Frestað fram að næsta fundi. Sú breyting verði gerð frá drögum að breytingar frá endurskoðunaráætlun séu háðar samþykki stjórnar.

### **3. Eftirlitsáætlun eldvarna 2020**

Áætlun slökkviliðsstjóra vegna eldvarnaeftirlits SHS á árinu 2020 kynnt fyrir stjórn.

Eftirfarandi lagt fram:

- Eftirlitsáætlun SHS fyrir árið 2020, dags. 21. febrúar 2020.

Afgreiðsla: Samþykkt.

#### 4. Boðuð verkföll LSS 2020

Félagsmenn LSS hafa samþykkt boðun verkfalls.

Eftirfarandi lagt fram:

- Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 23. febrúar 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

#### 5. Árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra

Fjallað um tillögur um aðferðir við árangursmat.

Afgreiðsla: Formaður og slökkviliðsstjóri munu útfæra áfram, lagðar verða spurningar fyrir stjórnarmenn.

#### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10.00.

Næsti fundur verður föstudaginn 20. mars 2020.

Fylgiskjöl:


- Ársreikningur SHS 2019, drög, ódags.
- Minnisblað – Ársuppgjör 2019, dags. 26. febrúar 2019.
- Bréf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar - Endurnýjun samkomulags um innri endurskoðun SHS, dags. 25. febrúar 2020.
- Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2020-2021, drög, ódags.
- Upplýsingastefna Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (STE-06), útg. 2.0, dags. 9. desember 2019.
- Eftirlitsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2020, dags. 21. febrúar 2020.
- Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 23. febrúar 2020.




Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir




Haraldur Sverrisson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson



## **Stjórn Reykjanesfólkvangs**

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

### **Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 12. feb. 2020.**

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

**Mættir:** Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason og Guðmundur Grétar Karlsson.

Andri Steinn Hilmarsson boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

#### **1. Ársreikningur 2018**

Lagður fram ársreikningur 2018

#### **2. Náttúruspjöll í Helgafelli á síðasta sumri**

Farið yfir aðgerðir sem gripið var til vegna vegna náttúruspjalla í Helgafelli og í Sogum.

#### **3. Friðlýsing Búrfellsgjár**

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 19. júlí 2019 um áform um að friðlýsa Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ.

Upplýst var að ferli friðlýsingar sé langt komið.

#### **4. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Reykjanesfólkvang**

Í ljósi aukins straums ferðamanna var samþykkt að senda áskorun til Umhverfisstofnunar um að hefja hið fyrsta gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Reykjanesfólkvang og að henni verði lokið 2022.

#### **5. Friðlýsing Brennisteinsfjalla**

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 23. júlí 2019. Bréfið er til kynningar á tillögu um friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar.

#### **6. Umsókn um leyfi til myndatöku**

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Truenorth ehf. dags.

11. okt. 2019 varðandi umsókn um leyfi til kvikmyndatöku í Reykjanesfólkvangi.

Upplýst var leyfi fékkst hjá Grindavík en einnig að landvörður fólkvangsins sinnti töluverðri vinnu vegna myndatökunnar.

#### **7. Deiliskipulag við Krýsuvíkurborg.**

Lagt fram bréf Hafnarfjarðar dags. 1. nóv. 2019 varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi á Krýsuvíkurborgi.

#### **8. Landvarsla yfir vetrarmánuði 2019-2020**

Lögð fram tillaga landvarðar um að gera viðauka við samning um landvörslu um hlutavinnu, þ.e. ígildi tveggja mánaða, á tímabilinu 1. nóv. 2019 til 15. apríl 2020. Tillagan var samþykkt.

#### **9. Heilsárslandvarsla.**

Rætt um þörf á heilsárslandvörslu og hvaða leiðir megi fara til að uppfylla það.

## **Stjórn Reykjanesfólkvangs**

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

### **10. Skýrsla landvarðar 2019.**

Lögð fram skýrsla landvarðar 2019.

Umræðu frestað og landvörður mun kynna skýrsluna á næsta fundi.

### **11. Krýsuvíkurmýri.**

RB upplýsti að Votlendissjóður styrkti endurheimt votlendis í Krýsuvíkurmýri.

### **12. Heitavatnshola í Seltúni.**

RB upplýsti um að búið að steypa upp í heitavatnsholu í Seltúni sem gufa gaus úr og búið sé að opna göngustíg um svæðið sem lokaðist af þeim sökum.

### **13. Aðalskipulag Grindavíkur.**

GGK upplýsti í gangi sé endurskoðun aðalskipulags Grindavíkur.

### **14. Vegakerfi í fólkvangnum.**

Rætt um þörf á áningastöðum við Suðurstrandarveg og við Kleifarvatn. Einnig að lagfæring á Vigdísarvallavegi fæli í sér ákveðna náttúruvernd.

### **15. Rætt um styrki.**

Nokkrir styrkir hafa komið úr framkvæmdasjóðum vegna fólkvangsins m.a. sem Hafnarfjörður hefur fengið. Ekki er ljóst hvort sveitarfélag þarf að standa að umsókn eða hvort stjórn fólkvangsins gæti sótt um styrki, þá annað hvort í framkvæmdasjóð ferðamannastaða eða í landsáætlun um uppbyggingu innviða.

### **16. Samvinnusamningur um Reykjanesfólkvang.**

Umræðu frestað.

Fundi slitið 17:20

Næsti fundur 11. mars.



## Stjórn SSH 482. fundur

Föstudaginn 7. febrúar 2020, kl. 08:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar.

Gestir fundarins:

Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Einar Stefánsson VSÓ – fundarliður 1.  
Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir og Hrafnkell Á. Proppé – fundarliður 2.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005.

Lögð fram til kynningar útboðsgögn framkvæmda á skíðasvæðunum ásamt minnisblaði frá forstöðumanni skíðasvæðanna. Forstöðumaður skíðasvæðanna, Magnús Árnason, fór yfir helstu atriði útboðs ásamt Einari Stefánssyni frá VSÓ ráðgjöf.

Umræður

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn mun taka málið fyrir á ný á næsta stjórnarfund. Verkefnahópi vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða er falið að yfirfara útboðsgögnin m.v. reynslu af sambærilegum útboðum.

Þá er framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir næsta fund stjórnar skipurit með skýringum skv. samstarfssamningi um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt skipuriti er varðar framkvæmdir á skíðasvæðunum.

### 2. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002.

Farið yfir stöðu verkefnisins sem og undirbúnings Borgarlínu. Hrafnkell Á. Proppé og Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir frá Verkefnastofu Borgarlínu fara yfir stöðu verkefna.

Þá liggur fyrir tölvupóstur frá Sigurði Helgasyni skrifstofustjóra hjá fjármálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir fulltrúa frá SSH í óformlegan rýnihóp til að taka þátt í mótun og rýni varðandi frumvarp til laga um stofnun og fyrirkomulag félags um verkefni Samgöngusáttmála.

Umræður

#### Niðurstaða fundar:

Farið yfir stöðu verkefna og samræmingu verkefna samgöngusáttmála og upplýsingar því tengdu.

Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri verði fulltrúi SSH í rýnihópi varðandi frumvarp til laga um stofnun og fyrirkomulag félags og bakhópur verði samninganefnd SSH og aðrir sérfræðingar sem að samgöngusáttmálanum komu.



**3. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – samningar / málsnr. 1608006.**

Á fundi stjórnar 4. nóvember 2019 fól stjórn samráðshópi velferðasviða að taka saman minnisblað um framkvæmd NPA samninga á höfuðborgarsvæðinu. Liggur minnisblaðið nú fyrir og hefur verið lagt fyrir fundinn.

**Niðurstaða fundar:**

Frestað til næsta fundar.

**4. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga / málsnr. 2002003**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 17. janúar 2019 er varðar viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka og upplýsingar um stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.

Lagt fram til kynningar:

- a) Viðmiðunarreglur um samfélagslega ábyrgð
- b) Stefna um samfélagslega ábyrgð

**Niðurstaða fundar:**

Frestað til næsta fundar.

**5. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 417.**

Fundargerð 417. fundar Sorpu þann 22. janúar s.l. lögð fram til kynningar.

Umræður um skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um stjórnarhætti/áætlunargerð gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs.

**Niðurstaða fundar:**

Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Framkvæmdastjóra er falið að taka saman minnisblað er varðar vinnu stýrihóp gas- og jarðgerðarstöðvar.

**6. Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk / málsnr. 1711002**

Rósa Guðbjartsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson yfirgáfu fundinn. Gunnar Einarsson varaformaður tók við fundarstjórn undir þessum fundarlið.

Fyrir liggja gögn frá starfshópi um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk. Þjónustulýsing og sameiginlegar reglur er varða ferðapjónustu fyrir fatlað fólk hafa nú farið til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum og hagsmunadilum. Eftir þá umræðu hafa verið tekin saman svör og gögn yfirfarin.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir fundinum:

Fylgiskjal 1 Yfirferð yfir ábendingar og athugasemdir.

Fylgiskjal 2 Minnisblað, svör við ábendingum og athugasemdum.

Minnisblað vegna hugbúnaðar.

Kynning\_stjorn\_SSH\_27\_01\_2020 – Trúnaðarmál vegna útboðsmála.

Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv. sameiginlegar reglur.

Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv. þjónustulýsing.

Drög að smkomulagi að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv.

Drög að samningi milli Stætó og sveitarfélaga um framkvæmd akstursþjónustu.

Umræður



**Niðurstaða fundar:**

Samþykkt er af fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga að senda drög að sameiginlegum reglum, þjónustulýsingu, samkomulagi milli sveitarfélaganna og samning milli Strætó bs. og sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Stjórn heimilar að Strætó bs. fari í útboð á þjónustunni þegar umræða og afgreiðsla sveitarfélaganna liggur endanlega fyrir. Fram að þeim tíma verði lögð lokahönd á úboðsgögn.

Varaformaður sleit fundi kl: 11:00.



## Fundargerð

92. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 21. febrúar 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

**Mæting:**

**Reykjavík:**

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

**Kópavogsbær:**

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

**Hafnarfjarðarbær:**

Daði Lárusson

**Garðabær:**

Harpa Þorsteinsdóttir

**Mosfellsbær:**

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

**Seltjarnarnesbær:**

Ragnhildur Jónsdóttir

Karen María Jónsdóttir

**Kjósarhreppur:**

Marianna Hugrún Helgadóttir

Magnús Ingi Kristmannsson

Ólafur Ingi Tómasson og Sigurður Guðmundsson boðuðu forföll fyrir fund. Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

**1. Kynning: Mat á kolefnisspori á skipulagsstigi**

Helga J. Bjarnadóttir og Sigurður Guðmundsson frá EFLU kynna rannsóknarverkefni sem þau hafa unnið fyrir Skipulagsstofnun.

**2. Kynning: Mat/rýni á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040**

Herborg Árnadóttir frá ALTA kynnir stöðu vinnu fyrir SSH varðandi mat á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins frá samþykki þess 2015.

**3. Kynning: Nýjar leiðbeiningar fyrir hönnun á göngu- og hjólastígum**

Katrín Halldórsdóttir frá Vegagerðinni kynnir nýjar leiðbeiningar sem voru samþykktar í byrjun 2020 af Vegagerðinni. Leiðbeiningarnar eru samstarfsverkefni SSH og Vegagerðarinnar og hluti af framfylgd samkomulags um samstarf SSH og Vegagerðar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu dags. 17. apríl 2015.

**4. Aðalskipulagi Garðabæjar: Vífilsstaðaland þróunarsvæði B/málsnr. 2001003**

Forkynning á tillögu að breytingu á aðalskipulagi sbr. 2. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig kynntar tillögur að þremur deiliskipulagsáætlunum sem eru innan svæðisins sem aðalskipulagsbreytingin nær til: Vetrarmýri, Hnoðraholt norður og Rjúpnadalur.

**Afgreiðsla**

*Ekki eru gerðar athugasemdir við forkynningu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna, í töflu 2, sem sveitarfélög skulu útfæra nánari í aðalskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir jafnframt á að í nýlegri breytingu á svæðisskipulagi voru samþykkt ný stefnumið þess efnis að sveitarfélög skuli í skipulagsáætlunum efla tengingar milli skilgreindra kjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða.*

Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir og Daði Lárusson og leggja fram eftirfarandi bókun:

*Í kynntri tillögu að breyttu aðalskipulagi Vífilsstaðalands eru m.a. lagðar til breytingar á gatnakerfi svæðisins sem mun, ef að líkum lætur, hafa áhrif á umferðarflæði í aðalgatnakerfi höfuðborgarsvæðisins. Til að meta hver áhrifin mögulega verða er mikilvægt að gerð verði úttekt á afkastagetu gatnakerfisins, einkum suðurhluta þess þegar til framtíðar er litið.*

**5. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: Ásvellir/málsnr. 2001007**

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Afgreiðsla**

*Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins í maí 2018 en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásunum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir m.a. að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit - oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu, blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.*

**6. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: breyting á mörkum aðalskipulags/málsnr. 2002002**

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tillaga að nýju deiliskipulagi við Bláfjallaveg í upplandi Hafnarfjarðar.

**Afgreiðsla**

*Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna.*

**7. Fólksvangurinn Hlíð: friðlýsing/málsnr. 1908003**

Lögð fram tillaga Umhverfisstofnunar að friðlýsingarskilmálum ásamt tillögu að breyttum mörkum svæðisins skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 60/2013.

**Afgreiðsla**

*Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna enda samræmist hún leiðarljósum og markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 varðandi verndun náttúruminja og aðgengi almennings að náttúru. Bendir svæðisskipulagsnefnd sérstaklega á markmið 4.1 um aðgengi íbúa að fjölbreyttum útivistarsvæðum, þemakort nr. 7 um náttúru og útivist sem sýnir m.a. græna geira og stíga, markmið 4.2 um verndarsvæði og þemakort nr. 8.*

**8. Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá: friðlýsing/málsnr. 1908004**

Lögð fram tillaga Umhverfisstofnunar að friðlýsingarskilmálum skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 60/2013.

**Afgreiðsla**

*Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna enda samræmist hún leiðarljósum og markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 varðandi verndun náttúruminja og aðgengi almennings að náttúru. Bendir svæðisskipulagsnefnd sérstaklega á markmið 4.1 um aðgengi íbúa að fjölbreyttum útivistarsvæðum, þemakort nr. 7 um náttúru og útivist sem sýnir m.a. græna geira og stíga, markmið 4.2 um verndarsvæði og þemakort nr. 8.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:20



## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, miðvikudaginn 26. febrúar var haldinn 381. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:00.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Halla Karí Hjaltested Kópavogi. Björg Fenger Garðabæ boðaði forföll.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Rætt um öryggisáætlun skíðasvæðanna og viðbragðsáætlun vegna snjóflóða. Frestað til næsta fundar.
2. Fulltrúi Mosfellsbæjar vakti athygli á að fundargögn berist of seint fyrir fundi.
3. Rætt um veip og reykingar á skíðasvæðum.
4. Lögð fram drög að rekstrarniðurstöðu skíðasvæðanna 2019.  
- kl. 09:46 vék Kristín María Thoroddsen af fundi
5. Staðan í fjöllum. Opnunardagar hafa verið 23 fyrir almenning auk æfingadaga í Bláfjöllum. Skálafell hefur verið opið í 5 daga. Snjómagn er gott á svæðunum en veðrið hefur ekki boðið uppá mikla opnun. Þrátt fyrir slæmt veður í vetur hafa svæðin sloppið vel við tjón.

Fundi slitið kl. 10:00.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested  
Rúnar Bragi Guðlaugsson

Magnús Örn Guðmundsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fundargerð**  
**21. eigendafundar SORPU bs.**  
**Skrifstofa SSH, Hamraborg 9**  
**mánudaginn 17. febrúar 2020, kl. 12:00**

Mætt:

**f.h. eigenda SORPU bs.:**

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarstjórnar, Garðabæ.  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.

**frá stjórn SORPU bs.:**

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.  
Líf Magneudóttur, Reykjavík.  
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.  
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.  
Bjarki Bjarnason, Mosfellsbær.  
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi.

Ennfremur sátu fundinn Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri SORPU bs., Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi stjórnar SORPU bs., Halldóra Káradóttir fjármálastjóri Reykjavíkur, Lúðvík H. Jónsson fjármálastjóri Garðabæjar, Ingólfur Arnarson fjórmálastjóri Kópavogs, Rósa Steingrímsdóttir sviðstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðar, Birgir Björn Sigurjónsson fyrrv. fjármálastjóri Reykjavíkur, Erik T. S. Bjarnason sérfræðingur á fjármála og áhættustýringarsviði Reykjavíkur og Hrafnkell Á Proppé verkefnastjóri hjá SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

**1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlagsins 2020**

Birkir Jón kynnti nýjan framkvæmdastjóra Helga Þór Ingason sem mun gegna stöðunni tímabundið.

Birgir Björn Sigurbjörnsson fór yfir þá vinnu sem er á greiningu á fjármálum SORPU bs. Allt bendir til að fjárhagsstaðan sé öllu verri en dregin er upp í skýrslu innri endurskoðunar. Ef fram fer sem horfir



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

mun gjaldfærni fyrirtækisins verða komin í uppnám í lok mars 2020 ef ekki verður brugðist við með hraði.

Framkvæmdastjóri upplýsti að verði væri að setja saman skýra aðgerðaáætlun sem liggja mun fyrir á vormánuðum.

Birkir Jón greindi frá að unnið er að tillögu stjórnar SORPU bs. sem mun funda í framhaldinu. Megininntak þeirrar tillögu er að framkvæmdastjóra verði veitt heimild til að óska eftir 600 milljón króna yfirdráttarheimild til viðbótar við þær 500 milljónir sem þegar eru heimilaðar. Sú tillaga verði send á sveitarstjórnir til afgreiðslu.

Umræður:

Rætt um að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaganna á næstu dögum. SSH mun boða fundinn að beiðni stjórnar SORPU bs.

### **Niðurstaða fundar:**

Stjórn eigendavettvangs er sammála að grípa þurfi til aðgerða til að mæta fjárfélaglegum sjóðsstreymisvanda fyrirtækisins. Stjórn SORPU bs. er falið að vinna áfram að málinu í samræmi við framlagðar upplýsingar og umræður. Skrifstofu SSH falið að boða kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa í samstarfi við formenn stjórnar eigendavettvangs og stjórnar SORPU bs.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:10.

Hrafnkell Á. Proppé, fundarritari.

## **Tillaga Garðabæjarlistans um beina útsendingu frá bæjarstjórnarfundi Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

Bæjarstjórn beinir því til forseta bæjarstjórnar að heimila útsendingar bæjarstjórnarfunda í gegnum facebooksíðu Garðabæjar þar til hægt verður að fjármagna tillögu Garðabæjarlistans sem fór fyrir fjárhagsáætlunargerð í desember síðastliðnum, um uppsetningu upptökubúnaðar til beinna útsendinga.

### **Greinargerð**

Garðabæjarlistinn hefur frá upphafi lagt þunga áherslu á gagnsæi í allri upplýsingagjöf og einn liður í þeirri vegferð eru beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum. Tillaga um slíkt hefur þegar verið lögð fram en var því miður synjað við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember síðastliðnum. Með því að opna á heimild til útsendinga með jafn einföldum hætti og að senda fundi út í beinni útsendingu af facebooksíðu Garðabæjar, <https://www.facebook.com/Gardabaer.Iceland/> má auðveldlega mæta mikilvægi gagnsæis og góðri upplýsingagjöf frá pólitískri umræðu þar til svigrúm næst til þess að fjármagna þann búnað sem til þarf. Tillagan er lögð fram í bæjarstjórn, þar sem samkvæmt 16. gr. um stjórn Garðabæjar; Fundarsköp – vald forseta, þarf leyfi forseta bæjarstjórnar til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.